

ágúst. 1848, til að verja allt að 200 ríkisdöllum á ári úr jafnaðarsjóði hvers umdæmis til kennslu handa aðstoðarlæknum.

1860.
23. júlí.

Dómsmálastjórnin verður því enn að vera á því, að sú uppástunga, sem gjörð er í bræfi hennar 9. ágúst. f. á., sé eptir því sem nú er ástatt öflugasta ráðið til þess að fá nóg af duglegum innlendum læknum; og um leið og þess skal getið, að Schleisner, doktor, hefir innilega mælt fram með þessari uppástungu, verður dómsmálastjórnin fyrst og fremst að láta það álit sitt í ljósi, að taka beri til greina þá uppástungu, að öllu leyti eins og hún er; en þyki kirkju- og kennslustjórninni ísjárvert að fallast á hana, þá verður dómsmálastjórnin til vara að álíta það nauðsynlegt, að sami styrkur og veittur er þetta árið, verði og veittur á næsta fjárhagsári, þó það sé vitaskuld, að þetta miklu síður geti komið því til leiðar, að íslenzkir stúdentar leggi stund á læknisfræði, og með þessu móti sæu mjög takmarkaðar uppástungur dómsmálastjórnarinnar, er hans hátign konungurinn féllst á.

Dómsmálastjórnin vonast eptir skýrslu um, hvað af verður ráðið í þessu efni, og biður um að fylgiskjölin verði send aptur.

45. Auglýsing frá fjárhagsstjórninni, um innlausn spesufimmtunga (ríkisorta) eður tuttugu og fjöggra skildinga peninga í dönskum kúrantí á Íslandi. 30. júlí.

Eptir að tuttugu og fjöggra skildinga peningar í dönskum kúrantí, eður spesufimmtungar þeir, er áður gengu manna á milli, nú ekki lengur eru gildur gjaldeyrir í hinu danska alríki, samkvæmt tilskipunum þeim, sem í því efni hafa gjörðar verið, hefir hans hátign konunginum, eptir þegnlegri uppástungu alþingis, allramildilegast þóknast að fyrirskipa, að þeim peningum af mynttegund þessari, sem enn kynnu að vera til á Íslandi, skuli veitt viðtaka í jarðabókarsjóð landsins enn eitt ár, upp frá þeim degi, er auglýsing þessi hefir verið birt almenníngi, fyrir það fulla verð, er þeir áður voru í, eður þannig,

1860.
30. júlí.

að 5 þeirra jafngildi einni spesíu eður 2 ríkisdöllum ríkismyntar, og hver einstakur 38 skildingum ríkismyntar; en eftir að þessi tími er liðinn skuli þeim veitt viðtaka í jarðabókarsjóðinn aðeins fyrir 36 skildinga ríkismyntar. Þá peninga, er þannig koma inn í sjóðinn, má ekki aptur út láta, heldur skal senda þá til Kaupmannahafnar til þess að þeir verði ónýttir.

Þetta kunngjörist hérmeð öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni, samkvæmt konungsúrskurði 13. júním. þ. á.

3. ágúst. **46. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um verðlaun fyrir að bjarga mönnum úr lífsháska.**

Eftir því sem skýrt er frá um málavexti í prófseptrirriti því, er þér, herra stiptamtmaður, senduð hingað með bréfi 5. júním. þ. á., hefir dómsmálastjórnin veitt Nikulási Gottskálksyni og hásetum hans, Árna Nikulássyni og Jóni á Ferstiklu, 32 ríkisdala verðlaun, Nikulási 20 rdl. en hverjum hásetanna 6 ríkisdali, fyrir það, að þeir í fyrra vor björguðu Árna Grímsyni og syni hans Njáli Árnasyni úr lífsháska á sjó, og hefir verið hlutast til um, að fæ þetta verði greitt úr jarðabókarsjóði Íslands eptir ráðstöfun yðar.

Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þér gætið þess, sem að öðru leyti er þörf á í þessu efni.

30. ágúst.

47. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að gefa út þýðingu yfir nokkra kafla úr nýja testamentinu.

Kirkju- og kennslustjórnin hefir fengið aptur með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, og yðar háæruverðugi herra, 7. f. m., bænarskrá frá Pètri prófessor Péturssyni, og Sigurði Melsted,